

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag Galtastaða.

Deiliskipulagið nær til um 4,7 ha svæðis úr landi Galtastaða fyrir móttökustöð og frístundahús. Byggingarreitur móttökustöðvar er 2.500 m² að stærð og á honum má reisa stöðvarhús að hámarki 30 m² og staura. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 3 lóðum fyrir orlofshús en á hverri lóð er heimilt að reisa 150 m² aðalhús og 30 m² gestahús eða sem svarar til nýtingarhlutfalls 0,03 að hámarki.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. september 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. desember 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2016